

Fundargerð 4. stjórnarfundar í Þróunarfélagi Keflavíkurflugvallar 24. nóvember 2006 kl. 15:00 í Kringlunni 6, Rvík.

Mættir voru:

Magnús Gunnarsson, stjórnarformaður
Stefán Þórarinsson, meðstjórnandi
Sigurður Valur Ásbjarnarson, varastjórnarmaður
Kjartan Þór Eiríksson, framkvæmdastjóri sem jafnframt ritaði fundargerð

Dagskrá

1. Fundargerð síðasta stjórnarfundar

Stjórnarformaður lagði fyrir fundargerð síðasta fundar og var hún samþykkt af viðstöddum stjórnarmönnum.

2. Þjónustusamningur við íslenska ríkið

2. drög að þjónustusamningi við ríkið voru lögð fram af hálfu ÞK. Fundur hefur verið ákveðinn á mánudag til að leggja drögin fyrir forsvarsmenn í fjármálaráðuneyti.

3. Yfirtaka ÞK á eignum á varnarsvæðinu.

Tilkynnt hefur verið formlega með tölvupósti frá fjármálaráðuneyti að ÞK sé til bráðabirgða falin umsýsla með eignum á svæðinu á meðan samningur er í vinnslu. Bréfinu verður svarað á þann hátt að hlutverkinu verði sinnt með fyrirvara um að fjármögnun fái frá ríkinu til verkefnanna.

4. Önnur mál

Stjórnin álitur að mikilvægt sé fyrir sveitarfélögin á svæðinu að koma sér saman um framtíðarráðstöfun skipulagsmála.

Fleira var ekki gert og fundi slitið kl.17:00